



Sædis Gunnarsdóttir

Ég kem með uppskrift af einum af uppáhaldsréttum allrar fjölskyldunnar, lax með mango chutney og kuskussalati með hvítlauk og sítrónu, borið fram með kaldri hvítlaukkssósu. Ég fer nánast aldrei eftir uppskrift og því verður þessi réttur aldrei nákvæmlega eins en hann er alltaf góður. Miðað við 4 manna fjölskyldu. – Ég skora á mág minn og listakokkinn Gísli Sigurð Gíslason kennara í Oddeyrarskóla að koma með næstu uppskrift í Krónikuna.

LAX MEÐ MANGO CHUTNEY OG KUSKUSSALATI

1 gott flak af laxi með roðinu á
Olía
Maldon salt
Nýmalaður pipar
Mango chutney

Laxinn skorinn í hæfilega bita. Olíu, salti og pipar dreift yfir og sett undir grillið í ofninum í 3–5 mínútur eftir þykkt stykkjanna. Fiskurinn svo tekin úr ofninum, mango chutney smurt á hvern bita, sett smá stund undir grillið aftur (1–2 mín.). Borið fram með kuskussalati.

Sirka 2 dl hreint kuskus eldað eftir leiðbeiningum á pakka Safi úr hálfri sítrónu Heill hvítlaukur Salt pipar Góð ólífuoía Klettasalat Kirsuberjatómatar Avokado Rauðlaukur Gúrka ferskur kóríander eftir smekk

Heilum hvítlauk er pakkað í álþappír (smá olíu hellt inni) og hann bakaður í ofni í 30–40 mín á 180° hita. Þegar hann er

tilbúinn og búinn að standa aðeins á borðinu er bakaði laukurinn kreistur út úr og maukaður saman á disk. Þegar kuskusið er tilbúið er maukaða hvítlauknum, sítrónu-safanum, salti, pipar og smá ólífuoíu blandað saman við og látið kólna aðeins á meðan grænmetið er skorið (endilega að nota það kál og grænmeti sem heimilisfólki þykir gott). Svo er salatinu, kóríanderinum og grænmetinu blandað saman við kuskusið.

Gott að bera fram með afgangnum af mango chutneyinu og kaldri hvítlaukkssósu.

1 dl grísk jógurt
2 kramin hvítlauksrif
2 tsk hlynsíróp
1 msk sítrónusafi
Salt
Nýmalaður pipar

Öllu blandað saman og ágætt að stinga í kæli smá stund.

Verði ykkur að góðu!

Sumarið er tíminn – orlofsmál

Hér koma gagnlegar upplýsingar um sumarorlofið:

- Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl ár hvert.
- Sumarorlofstími er frá 15. maí til 30. september ár hvert.
- Yfirmaður ákveður hvenær orlof skuli tekið í samráði við starfsmann en skylt er að verða við óskum starfsmanns ef því verður við komið.
- Ef ekki er tekið orlof á sumarorlofstíma að ósk yfirmanns þá á starfsmaður rétt á 33% lengingu á þeim hluta sem veittur er utan sumarorlofstímabils.
- Landsbankinn mun greiða út orlof vegna yfirvinnu þann 13. maí og verður það lagt inn á launareikninga. Hafi launareikningur breyst síðasta árið er launþegum bent á að koma þeim upplýsingum til Landsbankans svo orlofsgreiðslur skili sér á réttan reikning.
- Á starfsmannavefnum <http://eg.akureyri.is> getur starfsfólk fundið yfirlit yfir stöðu orlofs eins og það er skráð í SAP mannaúðskerfið. Staða orlofs á vefnum er samkvæmt skráningu á síðasta launaseðli.

- ATH! Fyrstu vikuna í maí er unnið að uppfærslu á orlofsstöðu og þess vegna sýnir vefurinn ekki rétta stöðu fyrr en að því loknu.

Nú er hægt að gerast áskrifandi að fréttum á Starfsmannahandbókinni inn á heimasíðu Akureyrarbæjar.



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær
Ritstjóri: Þorsteinn G. Jónsson
Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Jón Stefán Baldursson,
Þorsteinn G. Jónsson og Samúel Jóhannsson
Netfang: kronikan@akureyri.is
Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprent

Innanbæjar

KRÓNÍKA

2. töl. 8. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR apríl 2013

PÁSKABÆRINN AKUREYRI



Mynd: Ragnar Hólm Ragnarsson

Að venju iðaði bærinn af lífi um páskana. Flesta daga var dásamlegt skíðafæri í Hlíðarfalli og gestir bæjarins nutu hollrar útiveru í bland við gófgandi menningu. Viða um bæ voru haldnar myndlistarsýningar og tónleikar af öllu tagi. Það er mál manna að þrútt fyrir nokkur snjóþyngli snemmvetrar, hafi veturinn verið Akureyringum býsna góður: alltaf nægur snjór í Hlíðarfalli og bara hið þokkalegasta veður við Pollinn. Vonandi komið þið öll endurnærð úr páskafríinu.

Ný rannsókn á launakjörum starfsfólks Akureyrarbæjar kynnt

Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) gerði úttekt á launakjörum starfsfólks Akureyrarbæjar árið 2012 og var rannsókninni sérstaklega ætlað að varpa ljósi á hugsanlegan kynbundinn launamun meðal starfsmanna bæjarins.

Helstu niðurstöður eru að óútskýrður launamunur karla og kvenna var 3,9% í heildarlaunum starfsfólks í fullu starfi þegar búið var að taka tillit til menntunar, starfs, deildar, aldurs, starfaldurs og vinnutíma. Óútskýrður launamunur karla og kvenna var 1,5% í dagvinnulaunum starfsfólks uppreiknuð miðað við fulla stöðu þegar búið var að taka tillit til menntunarálags, starfs, deildar, aldurs, starfaldurs og vinnutíma, körlum í vil.

Í úttekt sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði árið 1998 á launum starfsfólks Akureyrarbæjar kom í ljós að þegar búið var að taka tillit til menntunar, starfs, deildar, aldurs, starfaldurs og vinnutíma voru heildarlaun kvenna 8% lægri en heildarlaun karla. Þessi munur var kominn niður í 2–3% árið 2007 en hefur nú hækkað lítillega aftur og er 3,9% í þessari nýju rannsókn RHA.

Hvað dagvinnulaunin varðar þá kom í ljós í úttektinni árið 2007 að þegar búið var að taka tillit til áhrifaþátta voru dagvinnulaun kvenna 1,0% hærri en dagvinnulaun karla. Nú hefur þetta snúist við og hafa konur nú 1,5% lægri dagvinnulaun en karlar að teknu tilliti til áhrifaþátta.

Bæjarráð, samfélags- og mannréttindaráð og kjarasamninganefnd Akureyrarbæjar hafa ákveðið að stofna vinnuhóp sem hefur það hlutverk að greina ástæður þess að munur mælist á launum kynjanna og gera tillögur að úrbótum.



Mynd: Ragnar Hólm Ragnarsson

Krónikan og starfsmannakönnun

Eins og starfsmenn Akureyrarbæjar tóku eftir þá var gerð starfsmannakönnun. Við förum ekki í heildarniðurstöðurnar hér en nokkrar spurninganna áttu beint við Krónikuna okkar. Ber þar hæst að nefna að rúmlega 80% þeirra sem svöruðu sögðust lesa Krónikuna að einhverju leyti. Við í ritnefnd þökkum fyrir það. Hins vegar benda aðrar niðurstöður til þess að efni og efnistöð mættu mögulega breytast.

Spurt var í könnuninni hvar fólk myndi lesa Krónikuna yrði hún gefin út eingöngu á rafrænu formi. Rúmlega helmingur svarenda óskaði eftir því að fá hana í tölvupósti og um 40% ætla að lesa hana í gegnum starfsmannavefinn okkar eg.akureyri.is eða akureyri.is. Í þessari spurningu mátti velja fleiri en einn valmöguleika.

Við viljum alltaf reyna að gera öllum til hæfis og því má vænta frekari breytinga hvað varðar Krónikuna í næsta tölublaði.

Kærar kveðjur, ritnefnd

FRAMLENGING Á TILBOÐI

Viðbrögð starfsmanna við tilboði á árskortum í Sundlaugar Akureyrar hafa verið góð í febrúar og því sönn ánægja að koma því á framfæri að til og með 31. desember 2013 stendur starfsmönnum Akureyrarbæjar til boða að kaupa árskort í Sundlaugar Akureyrar á 50% afslætti. Fullt verð á árskortu skv. gjaldskrá 2013 er kr. 32.500.

Tilboð og kjör á sundkortum fyrir árið 2014 verða skoðuð og metið út frá því hversu margir hafa nýtt sér tilboðið.

Starfsmenn þurfa að sýna skilríki og haus af síðasta launaseðli í afgreiðslu Sundlaugar Akureyrar til að geta tryggt sér þetta magnaða heilsueflingartilboð.

Öðrum fyrirtækjum og hópum stendur einnig til boða afsláttur af árskortum í Sundlaugar Akureyrar í samræmi við samþykkt Íþróttaráðs frá 6. desember 2012. Í lok febrúar fór út auglýsing um tilboðskjör til fyrirtækja á Akureyri. Fyrirtæki og hópar sem ekki hafa fengið upplýsingar um tilboðskjör geta leitað nánari upplýsinga hjá forstöðumanni Sundlaugar Akureyrar í síma 461-4455.



Sólveig Jónasdóttir er verkstjóri í félagsstarfi aldraðra í Hlíð. Hún fæddist á Vatnsleysuströnd 11. apríl 1945. Þar bjó hún fram að fermingu en fluttist þá í Kópavog. Síðan lá leiðin í Húsmæðraskóla Reykjavíkur. Hún starfaði hjá Flugfélagi Íslands um árabíl og hefur að auki starfað sem dagamma, ráðskona, kennari og bóndakona. Solla, eins og hún er kölluð, lætur af störfum í sumar eftir 20 ára starf í félagsstarfinu í Hlíð.

Sólveig með indverskt þema á árhátíð starfsfólks Akureyrarbæjar 2012

Í hverju er starfið fólgið?

Vera til staðar og leiðbeina þeim sem koma og taka þátt í félagsstarfinu í Hlíð. Verkefni geta verið útsaumur, þrjón o.fl. í handverki. Vera með leikfimi, dansa, spila og syngja.

Hvað er skemmtilegast við starfið?

Fjölbreytni, enginn dagur er eins. Við hlæjum mikið saman.

Fjölskylduhagir?

Er fráskilin og á 5 uppkomin börn, 12 barnabörn og eitt á leiðinni og þrjú langömmubörn.

Hallærislegasta atvik sem þú hefur upplifað?

Að spjalla við fólk sem ég þekki en man ekki hver er.

Leyndir hæfileikar?

Góður kokkur og bakari.

Stundarðu líkamsrækt?

Já, ég dansa og hlæ mikið því hlátur lengir lífið. Svo er ég ágæt í keilu.

Ert þú þessi Solla stírða?

Já, en ég fékk ekki hlutverkið.

Áhugamál?

Vera með fjölskyldu og vinum. Dansa, ferðast, hlæja og vera til.

Framtíðaráform?

Ferðast, fara í siglingu, vera með fjölskyldunni, sauma meðan sjónin leyfir og mæta á kráarkvöld í Hlíð. Kaupa iPad.

Hvernig var starfslokanámskeiðið sem þú sóttir fyrir stuttu?

Fræðandi og skemmtilegt. Þyrfti að halda þessi námskeið á hverju ári.